



**95. fundur Fjölskylduráðs Múlapings  
haldinn í fjarfundi, fimmtudaginn 15. febrúar 2024  
og hófst hann kl. 12:30**

**Fundinn sátu:**

Sigurður Gunnarsson formaður, Björg Eyþórsdóttir varaformaður, Guðmundur Björnsson Hafþórsson aðalmaður, Guðný Lára Guðrúnardóttir aðalmaður, Ásrún Mjöll Stefánsdóttir aðalmaður, Eyþór Stefánsson aðalmaður, Jóhann Hjalti Þorsteinsson aðalmaður, Þórlaug Alda Gunnarsdóttir áheyrnarfulltrúi, Sigurbjörg Hvönn Kristjánsdóttir fræðslustjóri og Júlía Sæmundsdóttir félagsmálastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Júlía Sæmundsdóttir, félagsmálastjóri

**Dagskrá:**

- 202110018 - Leiðbeiningar m.a. um skipan sveitarstjórna, ritun fundagerða og fjarfundi sveitarstjórna**  
Lagt fram til kynningar.
- 202311279 - Umsagnarbeiðni um breytingu á barnaverndarlögum, nr. 802002, og lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 401991 (reglugerðarheimildir). 497. mál**  
Lagt fram til kynningar.
- 202402097 - Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um breytingu á barnalögum, nr. 76, 2003 (greiðsla meðlags)**  
Lagt fram til kynningar.
- 202402004 - Umsagnarbeiðni um 629.mál Barnaverndarlög, endurgreiðslur**  
Lagt fram til kynningar.
- 202402012 - Umsagnarbeiðni um Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum til að bæta stöðu námsmanna (fæðingarorlof, atvinnuleysistryggingar og námslán).**  
Lagt fram til kynningar.
- 202311062 - Samráðsgátt. Grænbók í málefnum innflytjenda og flóttafólks**  
Lagt fram til kynningar.
- 202311318 - Beiðni um uppl. vegna fjárhagsaðstoðar framfærslu vegna heildarendurskoðunar á örorkulífeyri**



Lagt fram til kynningar.

**8. 202312248 - Fundur um stefnu í málefnum innflytjenda og flóttafólks á Egilsstöðum**

Lagt fram til kynningar.

**9. 202401122 - Erindi er varðar Janus heilsuefling, verkefni fyrir 65 plús**

Erindi Sigrúnar Ólafsdóttur er vísað til umsagnar hjá öldungaráði Múlaþings. Ráðið er beðið um að kanna kosti og galla verkefnisins, kostnað og hvernig væri hægt að útfæra það í fjölkjarna sveitarfélagi, auk þess að kanna hversu margir myndu nýta sér slíka þjónustu sem kostar talsvert fyrir þátttakendur.

Samþykkt samhljóða.

**10. 202402029 - Beiðni um upplýsingar um framlög sveitarfélagsins til þjónustu eldri borgara**

Frá því sameinað sveitarfélag undir nafninu Múlaþing varð að veruleika hafa öll félög eldri borgara í sveitarfélaginu fengið sama rekstrarstyrk að upphæð 300 þús kr. á ári, auk þess að geta sótt um styrk að upphæð 50 þús kr. á ári til þess að heimsækja önnur félög í öðrum byggðarkjörnum. Fjölskylduráð vill hækka þessa upphæð í 400 þús kr./ári, auk þess sem enn verður hægt að sækja um styrk til þess að efla samstarf á milli félaga eldra fólks í mismunandi byggðarkjörnum vegna heimsókna og ferðakostnaðar.

Samþykkt samhljóða.

**11. 202402028 - Tillaga um húsnæði fyrir eldri borgara á Fljótsdalshéraði**

Fjölskylduráð vill bjóða stjórn félags eldri borgara á Fljótsdalshéraði til fundar við ráðið til að heyra frekar um hugmyndir félagsins um starfsemi fyrir eldra fólk í byggðarkjarnanum. Félagsmálastjóra er falið að bjóða stjórninni til fundar þann 19. mars nk.

Samþykkt samhljóða.

**12. 202402030 - Beiðni um nýtingu Hlymsdala fyrir hádegisverð eldri borgara**

Fjölskylduráð fagnar framtaki félags eldri borgara um að ætla að hittast og borða saman í aðstöðu félagsstarfsins í Hlymsdölum.

**13. 202301120 - Sveitarstjórnarbekkurinn**

Fjölskylduráð leggur áherslu á heilsueflingu eldra fólks í Múlaþingi og hefur á umliðnu ári fjölgað úrræðum hvað varðar hreyfingu. Ráðið vill benda á að unnið er að fjölskyldustefnu sveitarfélagsins sem og að verkefnið Gott að eldast er til skoðunar varðandi framtíðar þjónustu við eldra fólk. Fjölskylduráð vísar erindi félags eldri borgara til umfjöllunar hjá öldungaráði.

Samþykkt samhljóða.



- 14. 202305269 - Skýrsla félagsmálastjóra 2024**  
Lagt fram til kynningar.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:15**

